

Skeljungur hf.
Bergsteinn Hjörleifsson
Borgartúni 26
105 Reykjavík


Reykjavík, 17. desember 2019
UST201901-244/Á.M.
08.06.02

Eftirlit 2019 - Skeljungur Krossanes- Reglubundið eftirlit, 15.11.2019

Þann 15.nóvember sl. fór fram eftirlit í Skeljung Krossanesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

Virðingarfyllst


Ásta Maack
Sérfræðingur


Halla Einarsdóttir
Teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Krossanesi

UHMVERFISSTOFNUN


Dags eftirlits	15.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Ásta Maack
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Ásta Maack
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Bergsteinn Hjörleifsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurður Árni Karlesson	Staðsetning	540523,391 578828,293

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru skráð í eftirliti og engar athugasemdir komu fram.

UMFANG EFTIRLITS

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða er kynnt
- Viðbragðsáætlanir vegna mengunaróhappa/bráðamengunar hafs og stranda
- Farið yfir ástand lagna, olíugeyma og olíuskilja
- Staða á athugasemnum eftirlitsskýrslu 2017
 - Staða á grófnum og ótjöruvörðum lögnum í jarðvegi undir akstursleið
 - Staða á lágréttum slattageymi sem færður var á milli þroa
- Rennt yfir starfsleyfi

1.&2. Í eftirliti var fundað með Bergsteini Hjörleifssyni og Sigurði Árna Karelssyni, fulltrúum Skeljungs á Krossanesi. Kerfisbundið mat á umhverfisáæltu var útskýrt sem og viðbragðsáætlun sem þarf að vera til staðar á starfsstöðinni.

3. Farið var yfir ástand olíulagna, geyma og skilja í eftirlitinu. Allar löndunarlagnir stóðust þrýstiprófanir fyrir á árinu. Búið er að fjarlægja löndunarlög 17J-33B 3 og færa hana inn í þró við úrgangsolíutank. Gert var olíupróf (Macherey-Nagel) í báðum skiljum í eftirlitinu. Engin olífa greindist á prófinu. Þykktarmælingar á geymum B201, B203 og B206 bárust Umhverfisstofnun í eftirliti og eru því allir geymar þykktarmældir. Samkvæmt þykktarmælingu á geymi 204 er gólf mjög ójafnt og mikið af tæringum til staðar. Geymirinn stendur nú tómur og er ekki í notkun. Rekstraraðili er hvattur til þess að láta Umhverfisstofnun vita þegar búið er að lagfæra geyminn og hann tekinn aftur í notkun.

4. Frá síðasta eftirliti 2017 hefur staðsetningu nokkurra neðanjarðalagna verið breytt og eru þær nú á yfirborði. Í eftirliti 2017 var bent á að tjöruverja þyrfti lagnir sem liggja í jarðvegi undir akstursleið. Í eftirliti í ár var ekki búið að tjöruverja lagnirnar, en plön um að grafa lagnirnar upp og leggja þær ofnajarðar á næsta ári liggja fyrir.

Ein athugasemd var skráð í eftirliti 2017. Þar kom fram að lágréttur slattageymir var færður á milli þroa og rekstraraðila tilkynnt að merkja þyrfti geyminn í samræmi við viðauka í reglugerð nr. 35/1999 og skrá þyrfti geyminn í gögn stöðvarinnar. Að auki skyldi þykktarmæla geyminn í samræmi við kröfur í reglugerð. Í eftirliti 2019 kom fram að merking, skráning og þykktarmæling hefðu ekki verið gerðar þar sem sem geymirinn stendur tómur og til stendur að fjarlægja hann á næstunni. Rekstraraðili er hvattur til þess að gera Umhverfisstofnun viðvart þegar geymirinn er fjarlægður.

5. Áhættumat, viðbragðsáætlun, rekstrarleyfi og skráningar lágu fyrir í eftirlitinu. Starfsleyfi var prentað á staðnum og er það nú til staðar í starfsstöðinni. Rekstraraðili hyggst innleiða umhverfisstjórnunarkerfi seinna á árinu. Gengið var um starfsstöðina og voru frárennslislokar lokaðir, ídræg efni til staðar og stöðin almennt snyrtileg á að lýta.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Asta Maack

17.12.2019